

Tækifærin felast í hátækninni

Margt hefur áunnist í almennum starfsskilyrðum á undanförunum árum og atvinnulíf Íslendinga er mun fjölbreyttara en áður var. Þar vegur þungt ör vöxtur hátækni undanfarinn áratug. Sú þróun er mikilvægur þáttur í endursköpun íslensks atvinnulífs á tímum hnattvæðingar og aukinnar samkeppni.

Þjóðir heims keppast um að nýta sem best þá nýju möguleika sem nú blasa við. Hnattvæðingin felur í sér tækifæri til að efla hagvöxt og velsæld í framtíðinni. Sé hins vegar ekki rétt á spilnum haldið er að sama skapi aukin hætta á að við glötum fjármagni, framleiðslu og fólki til annarra landa. Besta leiðin til þess að nýta tækifærin er að efla menntun, rannsókn- og þróunarstarf og greiða fyrir vexti hátækni iðnaðar sem skapar verðmæt störf og útflutningsverðmæti.

Um þessar mundir eru blikur á lofti sem gera hátæknifyrirtækjum erfitt fyrir. Við þeim verður að bregðast.

Stjórn Samtaka iðnaðarins skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér markvisst fyrir uppbyggingu hátækni iðnaðar á Íslandi og hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem Samtökin hafa sett fram.

Meðfylgjandi: Framtíðin er í okkar höndum – forsendur vaxtar

Framtíðin er í okkar höndum - forsendur vaxtar -

Hátæknigreinar iðnaðar hafa verið í mikilli sókn og hlutdeild þeirra í framlagi til verðmætasköpunar hefur vaxið úr um 0,6% árið 1998 í um 4% árið 2004. Þessar greinar voru vart merkjanlegar í hagtolum fyrir rúmum áratug.

Iðnaður aflar um 22% gjaldeyrstekna þjóðarþúsins og hefur sú hlutdeild tvöfaldast frá gildistöku EES samningsins árið 1994. Nálega helming aukningarinnar má rekja til útflutnings hátæknigreina iðnaðarins sem var hverfandi lítill fyrir rúmum áratug en er nú um 7%. Þetta er merkilegasta breyting á útflutningi Íslendinga hin síðari ár en hefur vakið ótrúlega litla athygli.

Það er gleðilegt að Íslendingar beisla í auknum mæli tækniframfarir og skapa með þeim ný verðmæti. Þessi þróun er einnig æskileg vegna fjölda vel launaðra starfa sem verða til í slíkri starfsemi. Þá hefur þjónustustarfsemi ýmiss konar einnig verið í mikilli sókn. Íslenska hagkerfið er nú orðið mun áþekktara því sem þekktist í nágrenni okkar í Evrópu. Þær þjóðir hafa áttað sig á því að framtíðin liggur í að nýta hugvitið, auðlindina sem sker sig úr að því leyti að hún vex þeim mun meira sem af henni er ausið.

Um þessar mundir eru hins vegar blikur á lofti sem gera hátæknifyrirtækjum erfitt fyrir. Stjórnvöld og Samtök iðnaðarins þurfa í samvinnu að móta skýra stefnu og aðgerðir sem búa þeim skilyrði sem örva vöxt þeirra og arðsemi hér á landi. Samtök iðnaðarins hafa þegar bent á leiðir til þess.

Stefna Samtaka iðnaðarins

Það er í senn sé skynsamlegt og nauðsynlegt að:

- 1 **móta skýra stefnu** og setja **markmið** um **uppbyggingu** hátækniiðnaðar
- 2 taka upp **endurgreiðslukerfi** vegna **rannsókn- og þróunarverkefna**
- 3 **afnema samkeppnisforskot** sem **virðisaukaskattur** skapar **stofnunum**
- 4 auka **útvistun** verkefna og **hætta samkeppni** hins opinbera við einkaaðila
- 5 setja nauðsynlegan **lagaramma um framtaksfjárfestingar**
- 6 **virðisaukaskattur** verði **frádráttarbær** á **uppbyggingartíma**
- 7 gera **Nýsköpunarsjóð** öflugan og **sjálfstæðan**
- 8 **efla Tæknipróunarsjóð** með auknu fé
- 9 **stórefla sókn í verk-, tækni- og raungreinamenntun**
- 10 **eitt ráðuneyti** sjái um málefni **atvinnuveganna**
- 11 **sameina** rannsóknastofnanir atvinnuveganna í **öfluga rannsóknamiðstöð**
- 12 **straumlínulaga stoðkerfi** atvinnulífsins og setja því **markmið**
- 13 koma á **stöðugleika** með því að **draga úr gengissveiflum**
- 14 **efnahagsstjórnin** leiði ekki til **vaxtastigs** sem er miklu hærra en ella

Nánar um stefnu Samtaka iðnaðarins

1 SAMEIGINLEG STEFNUMÓTUN OG MARKMIÐ

Brýnt er að stjórnvöld, í samvinnu við hagsmunaaðila, móti skýra stefnu sem hafi að markmiði að hvetja til og greiða enn frekar fyrir uppbyggingu hátækniíðnaðar á Íslandi. Margar helstu samkeppnisþjóðir okkar hafa markað slíka stefnu og sett sér skýr markmið. Hér megum við ekki verða eftirbátar um markvissa fjölgun og uppbyggingu hátækni- og sprotafyrirtækja.

Huga þarf að framtíðinni bæði til skamms og langs tíma og setja fram skýrar og markvissar tillögur og hugmyndir meðal annars um hvernig brugðist verði við þeim vanda sem mörg þessi fyrirtæki eiga við að etja um þessar mundir vegna hás gengis krónunnar og harðnandi sókn í slík fyrirtæki erlendis frá.

2 ENDURGREIÐSLUR VEGNA RANNSÓKNAR OG ÞRÓUNARVERKEFNA

Fjárhagslega hvata þarf til rannsóknar- og þróunarstarfs innan fyrirtækja líkt og Norðmenn, Svíar, Frakkar og fleiri hafa tekið upp.

Besta leiðin til þess er að koma á fót endurgreiðslukerfi vegna viðurkenndra rannsóknar- og þróunarverkefna. Endurgreiðslur eiga að geta numið allt að 20% kostnaðar en með tilteknu þaki. Skattkerfið verði nýtt í þessu samhengi þannig að þau fyrirtæki sem greiða tekjuskatt fá afslátt en þau sem ekki greiða skatt fá endurgreiðslur. Þetta kerfi er sniðið að norskri fyrirmynd.

3 SAMKEPPNISFORSKOT RÍKISSTOFNANA VERÐI AFNUMIÐ

Gera þarf tafarlausar úrbætur á virðisaukaskattkerfinu sem nú leiðir til óeðlilegs samkeppnisforskots opinberra stofnana og annarra þeirra sem eru utan virðisaukaskattkerfisins. Fyrirtæki verða að leggja virðisaukaskatt á vörur sínar og þjónustu. Í ákveðnum tilvikum fá opinberar stofnanir þann skatt (innskattinn) ekki endurgreiddan og það leiðir til þess að í stað þess að kaupa þjónustu frá einkafyrirtækjum er starfsemin byggð upp innan húss. Hér verður að skýra og einfalda reglur. Mikill vöxtur opinberra tölvudeilda er ein afleiðing þessa. Fyrirtækjum á almennum markaði er þannig mismunað og mörg þróunarverkefni og viðskiptatækifæri tapast þar sem opinberar stofnanir gera vinnu tölvudeilda sinna sjaldan eða aldrei að sölu- eða útflutningsvöru.

4 ÚTVISTUN VERKEFNA

Stjórnvöld útihýsi eða bjóði út á sem flestum sviðum þróunar-, þjónustu- og rekstrarverkefni til fyrirtækja á almennum markaði og forðist þannig óskilvirka uppbyggingu innan eigin stofnana. Stjórnvöld og hátækniyrirtæki taki höndum saman um þróun lausna á fjölbreyttum sviðum sem tengjast starfsemi hins opinbera.

Opinberar tölvudeildir verði einkavæddar og starfsemin boðin út eða samið beint við einkafyrirtæki á markaðnum. Þannig geta stjórnvöld eflt til muna upplýsingatækniíðnaðinn á Íslandi, samfara því að hagræða verulega í opinberum rekstri. Bent er á að fyrirtæki í greininni hafi boðið stjórnvöldum að hagræða og reka tölvukerfi og búnað ýmissa stofnana fyrir 20% lægra verð en nú er.

5 LAGARAMMI UM FRAMTAKSFJÁRFESTINGAR

Skapa þarf hagstæð skilyrði fyrir framtaksfjárfesta til þess að taka þátt í fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Laga- og skattareglum vegna slíkrar starfsemi er verulega áfátt og eru þrándur í Götu þróunar á þessu sviði.

Setja þarf reglur um samlagshlutafélög sem gera fjárfestum kleift að stofna félög um nýsköpunar- og sprotafjárfestingar og koma m.a. í veg fyrir tvísköttun. Óviðunandi er að starfsemi af þessu tagi sé hrakin úr landi og slík félög neydd til að hafa starfstöðvar í útlöndum eins og nú tíðkast.

Afar brýnt er að breyta lögum til þess að lífeyrissjóðir og aðrir fagfjárfestar geti tekið þátt í félögum af þessu tagi.

6 VIRÐISAUKASKATTUR Á UPPBYGGINGARTÍMA

Lengja þarf verulega það tímabil sem nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum er heimilt að vera á virðisaukaskattskrá þrátt fyrir að kostnaður sé umfram tekjur.

Fyrirtækin geta á þessu tímabili nýtt innskatt þrátt fyrir tekjuleysi, sem er gríðarlega mikilvægt fyrir uppbyggingu þeirra sem í flestum tilvikum tekur langan tíma.

7 NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins þarf að vera sjálfstæður og öflugur fagfjárfestir. Nýlegar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar styrkja stöðu hans verulega en stíga þarf skrefið til fulls með nauðsynlegum lagabreytingum þannig að hann geti beitt sér af fullum styrk við að laða fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóði og banka til samstarfs.

Breyta þarf lögum um NSA sem tryggja betur sjálfstæði hans og stöðugleika í starfsemi hans. Rétt er að breyta á rekstrarformi sjóðsins til að tryggja sveigjanleika hans og sjálfstæði enn frekar, t.d. að gera hann að sjálfseignarstofnun. Það er mjög óheppilegt fyrir fjárfesti eins og NSA og samstarfsaðila hans að vera sífellt háðir velvilja ráðherra og embættismanna um starfsumhverfi.

8 TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR

Tækniþróunarsjóður þarf að efla meira og hraðar en nú er gert ráð fyrir. Sjóðurinn styður þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Framlag til sjóðsins er 460 milljónir í ár, 340 milljónir í fyrra, og verður að óbreyttu 500 milljónir árið 2007. Nauðsynlegt er að veita meira fé til sjóðsins og hraðar en ætlað er og ætti að setja markið á a.m.k. einn milljarð á ári. Þá þarf að sniða reglur sjóðsins þannig að verkefni að frumkvæði fyrirtækja njóti forgangs.

9 UPPBYGGING VERK-, TÆKNI-, og RAUNGREINAMENNTUNAR

Enn ríkari áherslu þarf að leggja á verk-, tækni-, og raungreinamenntun með markvissri uppbyggingu menntastofnana og fræðslu og áróðri sem miðar að því að hvetja til náms á þessum sviðum. Háæknifyrirtækin þarfnast vel menntaðs starfsfólks í vaxandi mæli. Það er áhyggjuefni að þeim sem leggja stund á tækniþræði, verkþræði og aðrar greinar raunvísinda hefur fækkað hlutfallslega síðustu fimm ár. Þessi þróun er alvarleg og verður að snúa við með tiltækum ráðum og á öllum skólastigum.

10 EITT ATVINNUVEGARÁÐUNEYTI

Sett verði á fót eitt atvinnuvegaráðuneyti til að auka skilvirkni í starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Núverandi aðgreining er löngu úrelt, hefur margvísleg neikvæð áhrif á ákvarðanir stjórnvalda og veldur skaða og mismunun í atvinnulífinu. Togstreita ráðuneyta og undirstofnana um fjármagn og verksvið er öllum til tjóns.

11 SAMEINING RANNSÓKNASTOFNANA

Sameina þarf rannsóknastofnanir atvinnulífsins í eina öfluga stofnun sem verður í nánú samstarfi við háskóla og fyrirtæki bæði á Íslandi og í útlöndum. Núverandi fyrirkomulag byggist á fortíð og er ekki til þess fallið að þjóna gjörbreyttu atvinnulífi eða stuðla að grósku innan nýrra greina sem ekki falla að úreltri atvinnuvegaskiptingu.

12 STÖÐKERFI

Stöðkerfi atvinnulífsins á að stuðla að vexti arðbærustu fyrirtækjanna, jafnt fyrir eigendur og starfsmenn. Það á ekki að skiptast eftir atvinnugreinum eða landshlutum. Það á að örva nýsköpun og rekstur sprotafyrirtækja sem eiga möguleika á miklum vexti. Markmið kerfisins á að vera að skila af sér til framtíðar minnst 2-3 fyrirtækjum árlega sem velta yfir einum milljarði og hafa möguleika til enn meiri vaxtar. Skýran greinarmun á að gera á hvers kyns stuðningi og framtaksfjárfestingum.

13 STÖÐUGLEIKI

Sveiflur í gengi krónunnar eru miklar og valda erfiðleikum í rekstri. Það á ekki síst við um sprota- og nýsköpunarfyrirtæki sem byggja nær öll vöxt sinn á því að sækja á erlenda markaði. Leita þarf allra tiltækra leiða til þess að lágmarka slíkar sveiflur. Slíkur stöðugleiki næst ekki nema Ísland verði hluti af stærra myntsvæði og evran leysi íslensku krónuna af hólmi.

14 VAXTASTIG OG LAUNAÞRÓUN

Vaxtastig og launahækkanir á Íslandi langt umfram það sem gerist hjá nágranna- og samkeppnisþjóðum er öllum rekstri ákaflega þungbært, ekki síst minni fyrirtækjum og þá sérstaklega nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Efnahagslegt umhverfi héraendis verður að geta leitt til sambærilegra vaxta og launaþróunar og tíðkast í helstu samkeppnislöndum. Hvorugt mun nást nema Ísland verði hluti af stærra myntsvæði og evran leysi íslensku krónuna af hólmi.

Nokkrar lykilstærðir í nútíð og framtíð

Skoða þarf tölur um þróun og framtíðarmynd fyrir atvinnulífið í því ljósi að hér er ekki gerð tilraun til að spá fyrir um líklegustu framtíðarmynd af atvinnulífinu heldur brugðið upp þeirri mynd sem gæti orðið að veruleika ef sú framtíðarsýn og forsendur, sem fram koma í stefnumótunarhópum hátæknigreina innan Samtaka iðnaðarins, verða að veruleika.

Gjaldeyrstekjur 1993 - 2010 - hlutfallsleg skipting

	1993	1998	2004	Spá 2010
Iðnaður samtals	11	14	22	40
. stóriðja	8	10	12	23
. hátækni, vörur og þjónusta	1	3	7	14
. annar iðnaður	2	1	3	3
Sjávarafurðir	55	49	33	25
Laun og fjármagnstekjur erlendis	4	4	11	8
Ferðalög og samgöngur	19	22	25	20
Önnur þjónusta	8	8	6	4
Aðrar vörur	3	3	3	3

Verðmætasköpun 1993 - 2010

	1993	1998	2004	Spá 2010
Iðnaður samtals	17,2	19,2	23,5	26
. stóriðja	0,6	1,3	1,2	3
. hátækni, vörur og þjónusta	0,3	0,6	3,9	8
. annar iðnaður	16,3	17,3	18,4	16
.. þar af mannvirkjagerð	7,8	8,3	10,2	9
Fiskveiðar og vinnsla	14,6	11,9	9,7	8
Samgöngur og flutningar	7,7	8,0	8,1	8
Veitustarfsemi	3,9	3,5	3,6	4
Verslun veitingar og hótél	13,6	14,4	10,9	9
Önnur þjónusta	19,7	21,6	20,8	21
Starfsemi hins opinbera	21,0	19,5	22,0	23
Landbúnaður	2,3	1,9	1,4	1

Verðmætasköpun 1993 - 2010, skipting framlags iðnaðarins

				Spá
	1993	1998	2004	2010
Stóriðja	3	7	5	11
Hátækni, vörur og þjónusta	2	3	17	30
Mannvirkjagerð	45	43	43	33
Annar iðnaður	49	47	35	26

Vinnuafli 1993 - 2010

				Spá
	1993	1998	2004	2010
Iðnaður samtals	18,9	21,5	20,0	21
. stóriðja	0,7	0,6	0,6	1
. hátækni, vörur og þjónusta	1,1	3,4	4,2	6
. annar iðnaður	7,3	7,3	7,4	7
. mannvirkjagerð	9,8	10,2	7,8	8
Fiskveiðar og vinnsla	11,6	9,1	6,3	5
Samgöngur og flutningar	6,7	6,1	6,4	6
Veitustarfsemi	1,0	1,0	1,0	1
Verslun veitingar og hótél	17,9	16,7	16,3	16
Önnur þjónusta	13,9	16,4	18,9	21
Starfsemi hins opinbera	25,8	24,6	27,6	27
Landbúnaður	4,3	4,3	3,4	3